

Björgunarsveitin Kjölur

Ársskýrsla 2010

Árið 2010 var erilsamt og nóg við að vera bæði á sviði útkalla og innra starfs. Útköll fóru upp fyrir töluna 50 og talsvert var um önnur verkefni. Fundum fjölgaði og eins styrktust tengsl við aðrar sveitir og nærsamfélagið. Fjáröflunarverkefni drógust hins vegar saman. Snemma á árinu kom afmælisrit sveitarinnar út, þar sem stiklað er á síðustu 60 árum í starfinu.

Útköll

Útköll árið 2010 voru 52 og af ýmsu tagi þótt gróft megi flokka þau í: leitir, slys og veikindi, óveður, aðstoð við Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins og önnur aðstoð. Flest þeirra voru vegna atvika í heimabyggð eða á höfuðborgarsvæðinu, en nokkur einnig á öðrum svæðum. Dreifing var nokkuð jöfn yfir árið en apríl og maí voru sérstaklega annasamir, þar sem öskuhreinsun undir Eyjafjöllum bættist við önnur útköll. Rólegt var á útkallasviði í hálendisgæslu að þessu sinni.

Flest útköll voru í forgangi F2 gulur, en 7 útköll á árinu voru á efsta forgangi, F1 rauður.

Æfingar og námskeið

Sveitin tók þátt í æfingum slökkviliðseingarinnar á Kjalarnesi auk eigin æfinga. Einnig var tekið þátt í afmælisæfingu FBSR. Áhersla var lögð á námskeið og endurmenntun fyrri hluta ársins hjá Björgunarskólanum, SHS og sjúkraflutningaskólanum.

Nokkrir sóttu ráðstefnuna Björgun um haustið.

Önnur verkefni

Verkefni sem sveitin kom að á árinu voru margvísleg en þó aðallega gæslur, kynningar og forvarnaverkefni. Meðal verkefna voru gæsla á Menningarnótt Reykjavíkurborgar, söfnun vegna Haiti, Hálendisgæsla á Kjalvegi, öryggisgæsla við keppnir Kayakklúbbsins kynning á 112-deginum og þátttaka í Hátíð Hafsins.

Á heimasvæði sá sveitin um eða var þátttakandi í: Kjalarnesdeginum, bílbeltakönnun, flugeldaforvarnir í Klébergsskóla og flugeldasýningu við áramótabrennu. Auk þess voru ýmis önnur smærri verkefni.

Unglingastarf

Í Unglingadeildinni Stormur voru 22 unglingar á aldrinum 13-16 ára skráðir í lok árs, þar af 16 virkir. Auk dagskrár einu sinni í viku var farið í helgarferðir og heimsóknir til annara unglingadeilda. Stormur fór á Landshlutamót Unglingadeilda í Vestmannaeyjum og á Útivistarskólann að Gufuskálum auk þess að taka þátt í sölu Sjómannadagsmerkisins og Neyðarkallsins.

Tæki og húsnæði

Ford Econoline sveitarinnar fór í gegnum alsherjar yfirferð á fyrri hluta ársins, þar sem rafmagn var allt endurnýjað og yfirfarið og bíllinn ryðbættur. Bíllinn var heilsprautaður og merktur upp á nýtt, kassar settir á toppinn og tekið á öðrum smærri hlutum. Eðlilegt viðhald var á öðrum tækjum sveitarinnar; Nissan Patrol árg. 02, fjórhjól Can Am Outlander árg. 08, Zodiac Mk IV slöngubát árg. 06 og fjórum sjókajökum.

Patrol var auglýstur til sölu innan SL um haustið en engin viðunandi tilboð bárust. Bíllinn var seinni hluta árs staðsettur sem útkallsbíll í Grundarhverfi.

Endurbætur voru gerðar á kaffistofu í lok árs.

Félagar

Félagar í Kili voru í lok árs 22 manns, þar af 13 á útkallsskrá. Einn aðili bættist í útkallshópinn og tveir voru í þjálfun sem nýliðar. Þrjú hundateymi voru í þjálfun fyrri hluta ársins.

Sveitin átti fulltrúa í nefnd SL um slysavarnamál og forvarnarteyminu Búa á Kjalarnesi.

Tveir voru í svæðisstjórn á svæði 1 um haustið.

Fjárhagur

Fjárhagur var með ágætum vegna almenns aðhalds, þótt útgjöld vegna endurbóta á Ford Econoline væru talsverð.

Fastir styrkir á árinu komu frá SL og Reykjavíkurborg.

Helstu fjáraflanir voru sala á Neyðarkallinum og flugeldasalan, auk smærri fjáraflana.

Stormur tók þátt í sölu á Sjómannadagsmerkinu.